

horfast, við í augu tækifærin

Umsókn og þjóðaratkvæðagreiðsla

Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands telur að hagsmunum Íslands sé best borgið til framtíðar með aðild að Evrópusambandinu, náist um það viðunandi samningar. Meginsamningsmarkmið Íslendinga á að vera að tryggja áfram forræði þjóðarinnar yfir auðlindum sjávar innan íslenskrar efnahagslögsögu. Til að taka af öll tvímæli um það leggur Alþýðuflokkurinn til að sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum verði bundin í stjórnarskrá. Svarið við því, hvort þetta samningsmarkmið næst fram, fæst ekki nema í samningaviðræðum. Alþýðuflokkurinn telur því rétt að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu eins fljótt og auðið er.

Alþýðuflokkurinn leggur áherslu á að umsókn um aðild og endanleg ákvörðun um aðild eru tvær aðskildar ákvarðanir. Skapa þarf samstöðu þjóðarinnar um samningsmarkmið og fyrirvara í aðildarumsókn, sérstaklega í málefnum sjávarútvegsins.

Þá fyrst þegar samningsniðurstöður liggja fyrir er unnt að taka endanlega afstöðu til spurningarinnar um aðild. Lokaáfanginn er að leggja samninginn fram til kynningar og umræðu og endanlegrar afgreiðslu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þessu máli er það þjóðin ein sem milliliðalaust á seinasta orðið um það, hvernig hagsmunir hennar verði best tryggðir.

Ákveðum sjálf framtíð okkar

Endalok kalda stríðsins og aukið efnahagslegt og pólitískt mikilvægi Evrópusambandsins kalla á endurmat á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Evrópusambandið er pólitískt og efnahagslegt bandalag lýðræðisríkja Evrópu. Það er hornsteinn lýðræðis, mannréttinda, friðar og velmegunar í okkar heimshluta. Nær allar lýðræðisþjóðir Evrópu eru þegar aðilar eða hafa lýst yfir vilja sínum til að gerast fullgildir aðilar að Evrópusambandinu.

Af okkar nánustu frændþjóðum eru Danir, Svíar og Finnar þegar fullgildir aðilar, en Norðmenn höfnuðu aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. Íslendingar verða að ákveða sjálfir framtíð sína; það gera Norðmenn ekki fyrir okkur.

Ísland á krossgötum

Það væri í andstöðu við íslenska utanríkisstefnu á lýðveldistímanum ef Ísland sæti nú hjá og kysji sér einangrun í stað samvinnu við nágrannaþjóðir sínar. Raunsætt mat á hagsmunum þjóðarinnar leiðir í ljós yfirgnæfandi kosti við aðild. Almennir pólitískir hagsmunir vega hér þungt. Á vettvangi Evrópusambandsins eru teknar ákvarðanir sem varða hagsmuni okkar miklu. Utan sambandsins eru Íslendingar nær áhrifalausir um þessar ákvarðanir, sem þó munu móta samfélag okkar mjög á næstu árum. Innan sambandsins og í samráði við bandalagsþjóðir okkar, gætum við hins vegar haft veruleg áhrif á þau mál sem varða hagsmuni okkar mestu. Þau áhrif er erfitt að meta til fjár. Þegar mikilvæg mál eru til umræðu á vettvangi sem þessum er ávallt sú hætta fyrir hendi að hlutur þeirra sem fjarstaddir eru verði fyrir borð borinn. Stofnanir ESB hafa ekki síst reynst smárikjum innan þess drjúgar til þess að tryggja hagsmuni sína.

Við lok kalda stríðsins og inngöngu Svíþjóðar og Finnlands í Evrópusambandið veikjast jafnframt tvær af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu, sem hafa verið Atlantshafsbandalagið og norrænt samstarf. Varnar- og öryggishagsmunir okkar eru ekki síður í deiglu en önnur utanríkismál með vaxandi mikilvægi Vestur-Evrópusambandsins.

Íslendingar standa því á krossgötum. Reynslan kennir að staða okkar í samfélagi þjóðanna og möguleikar til áhrifa byggjast á þátttöku — en ekki hjásetu — og stuðningi bandamanna okkar þar sem ákvarðanir eru teknar.



Ákvörðun um að sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu, eða viljaleysi til að ræða hugsanlega aðild, er frá þessu sjónarmiði afdrifaríkari ákvörðun en sú að sækja um aðild og þarfnast sérstaks rökstuðnings.

ESB og lífskjörin

Aðild Íslands að Evrópusambandinu er liður í þeirri baráttu jafnaðarmanna að tryggja íslenskri alþýðu sambærileg lífskjör og velferðarríki Evrópu þjóða þegnum sínum. Sagan kennir okkur að þjóðinni hefur vegnað best í sem nánustum tengslum við nágranna okkar, en verst þegar einangrun frá grannþjóðum var hlutskiptið.

Nær 70% af útflutningi þjóðarinnar fer til landa Evrópusambandsins. Jafn réttur okkar og keppinauta okkar á þessum mikilvæga markaði getur haft úrslitaáhrif á þróun íslensks efnahagslífs. Í kjölfar aðildar að Evrópusambandinu fylgir fullur markaðs- aðgangur fyrir sjávarafurðir og aukin fullvinnsla sjávarfangs innanlands. Almennt efnahagssumhverfi innanlands verður sambærilegt við efnahagssumhverfi Evrópusambandsins, sem ætti að leiða til aukinnar erlendrар fjárfestingar, aukins stöðugleika og hagvaxtar. Kaupmáttur launa eykst stórlega strax frá fyrsta degi aðildar, enda mun verð landbúnaðarafurða geta lækkað um allt að 35-45%, ef treysta má niðurstöðu skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Kjör hvers einstaklings í landinu myndu samkvæmt þessu batna um 22 þúsund krónur að meðaltali, eða um 88 þúsund krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu á ári.

Til lengri tíma batna þó kjörin mun meira, enda hefur aðild að Evrópusambandinu í öllum tilvikum haft mjög jákvæð áhrif á efnahag nýrra aðildarríkja. Engin dæmi eru um hið gagnstæða.

Mál næsta kjörtímabils

Enginn vafi er á því að tengslin við Evrópusambandið verður eitt brýnasta úrlausnarefni næsta kjörtímabils. Stjórn- málaflokkum ber skylda til að móta skýra stefnu í svo mikilvægu máli og útskýra hana fyrir kjósendum. Enginn kemst hjá slíku með því að segja að málið sé ekki á dagskrá fyrr en eftir kosningar. Vilji Íslendingar ekki taka þá áhættu að missa af tækifærinu, sem kann að opnast á næsta kjörtímabili, þurfa þeir að móta stefnu og ljúka heimavinnunni í tæka tíð.

Framtíðarsýn

Stjórn- málaflokkum ber að móta fram- tíðarsýn. Alþýðuflokkurinn — Jafnaðar- mannaflokkur Íslands vill sjá Ísland til borðs með lýðræðisþjóðum Evrópu. Flokkurinn hafnar hvers konar hræðsluáróðri um missi sjálfstæðis og þjóðernis Íslendinga. Ungt fólk á Íslandi — best menntaða kynslóð Íslandssögunnar — á annað og betra skilið af forystumönnum sínum en úrtölur og vonleysi. Jafnaðarmenn hafna framtíðarsýn sem byggir á ótta við samstarf Evrópuþjóða. Alþýðuflokkurinn vill að Íslendingar taki þátt í því að móta Evrópu framtíðarinnar. Ísland í Evrópu framtíðarinnar, eru því kjörorð íslenskra jafnaðarmanna.

Hægt er að nálgast eftirtalin upplýsingablöð hjá kosningamiðstöðvum Alþýðuflokksins um land allt: Evrópumál, Sjávar- útvegsstefna ESB, Atvinnumál (2. teg.), Matarverð og lífskjörin, Sjávarútvegsmál, Jöfnun kosningaréttar, Fjölskyldumál, Húsnæðismál, Menntamál, Landbúnaðarmál, Umbótastefna jafnaðarmanna.

Athugið að blindir geta fengið upplýsingablöð Alþýðuflokksins á blindraletri. Einnig er hægt að nálgast þessar upplýsingar og aðrar upplýsingar um þjónustu Alþýðuflokksins á Interneti: <http://www.skima.is/kosning/alisti/>

Alþýðuflokkurinn - Jafnaðarmannaflokkur Íslands.

Hverfisgötu 8-10, 101 Reykjavík. S:552 92 44 og 552 80 17. Myndsendir: 562 91 55